

Reykjavík 4. apríl 2017

Til sóknarnefnda, presta og prófesta

Vakin er athygli á skyldu sóknarnefnda að sinna eftirfarandi verkefnum hafi þeim ekki þegar verið sinnt:

I. Kjör hluta sóknarnefnda á aðalsafnaðarfundum 2017

Samkvæmt 3. gr. starfsreglna um sóknarnefndir nr. 1111/2011 ber að kjósa hluta aðalmanna og varamanna í sóknarnefndir sem hér segir:

- Í þriggja manna sóknarnefnd einn aðalmann og einn varamann
- Í fimm manna sóknarnefnd tvo aðalmenn og tvo varamenn
- Í sjö manna sóknarnefnd þrjá aðalmenn og þrjá varamenn
- Í níu manna sóknarnefnd fjóra aðalmenn og fjóra varamenn

Sóknarnefnd skipti með sér verkum að því loknu. Varamenn taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir til. Minnt er á nauðsyn þess að allar upplýsingar um skipan sóknarnefnda séu réttar og uppfærðar á vef kirkjunnar. Almenna reglan er sú að formaður sóknarnefndar ber ábyrgð á skráningunni. Skráning er á innri vef kirkjunnar www.innri.kirkjan.is og er vakin athygli á að skrá verður bæði símanúmer og netfang viðkomandi. Meðfylgjandi eru leiðbeiningar um hvernig skráningar og breytingar á vefnum fara fram. Ef aðstoðar eða nánari leiðbeininga er þörf er bent á að hafa samband við prófast eða við Biskupsstofu á netfanginu hanna hjá biskup.is. Ef tæknilegrar aðstoðar er þörf skal hafa samband við Hermann Björn Erlingsson á netfanginu hermann hjá biskup.is.

II. Kosning kjörnefnda prestakalla á safnaðarfundum eða aðalsafnaðarfundum 2017

Hverri sókn ber að kjósa fulltrúa í kjörnefnd fyrir hvert prestakall. Ef fleiri en ein sókn eru í prestakalli skiptist fjöldi fulltrúa í hlutfalli við fjölda sóknarmanna 16 ára og eldri. Á vefsíðunni <http://kirkjan.is/kosningar> er sýnt hvernig kjörnefndir eru samsettar í hverju prestakalli fyrir sig þ.e. aðalmenn og varamenn. Á nýafstöðnu kirkjuþingi þann 30. mars 2017 voru gerðar breytingar á reglum um kjörnefndir sem aðallega hafa áhrif á fjölda varamanna. Meginbreytingin er sú að varakjörmenn hvernar sóknar í prestakalli eru jafnmargir og aðalmenn. Þó eru varamenn hvernar einstakrar sóknar aldrei fleiri en 11. Ef þegar hefur verið kosin kjörnefnd og breytingar hafa orðið á fjölda varamanna þ.e. til aukningar er rétt að kjósa viðbótarvaramenn uns réttri tölu er náð. Slík kosning fer fram á safnaðarfundum eða aðalsafnaðarfundum. Kjörnefndir hafa umboð til ársins 2019, en þá ber að kjósa þær að nýju og þá til fjögurra ára.

Frh. á bls. 2

III. Kjörnefndarmenn kjósa í vígslubiskupskjöri í Skálholtsumdæmi 2017

Á fyrrnefndu kirkjuþingi, þann 30. mars 2017, voru samþykktar nýjar starfsreglur um kjör biskups Íslands og vígslubiskupa. Ein meginbreyting er sú að **nefndarmenn í kjörnefndum prestakalla** kjósa í biskups- og vígslubiskupskjöri **í stað sóknarnefndarmanna** samkvæmt eldri reglum. Það er því **forsenda kosningarréttar leikmanna** að hafa verið kjörinn til setu í kjörnefnd. Það þarf að hafa gerst **fyrir 1. júní 2017**. Til að leikmenn geti tekið þátt í kjörinu verður því samkvæmt framanskráðu að kjósa kjörnefndir í prestaköllum í Skálholtsumdæmi.

Því eru það eindregin tilmæli til allra sókna landsins, sem ekki hafa kosið kjörnefndir í prestakalli sínu, að kjósa hið allra fyrsta kjörnefndir á safnaðarfundum eða aðalsafnaðarfundum. Reglur um kosningu kjörnefnda er að finna hér <http://kirkjan.is/kosningar>

Því er sérstaklega beint til prófesta að fylgja því eftir að kjörnefndir séu hið allra fyrsta kosnar fyrir öll prestaköll viðkomandi prófastsdæmis, þar sem ekki er kjörnefnd fyrir. Það eru einnig vinsamleg tilmæli til sóknapresta og presta í prestaköllum að þeir stuðli einnig að því fyrir sitt leyti að kjörnefndir séu kosnar.

Upplýsingar um skipan kjörnefnda prestakalla sendist, á meðfylgjandi eyðublaði, rafrænt á netfangið hanna@biskup.is og afrit á hermann@biskup.is innan tilskilins frests.

Virðingarfyllst,

f.h. biskups Íslands



Sveinbjörg Pálsdóttir